

Ed.

306. Nefndarálit

[30. mál]

um frv. til 1. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Vill meiri hl. n. láta samþykkja frv. með allverulegum breytingum, en minni hl. vill hins vegar vísa málinu til stjórnarinnar til frekari undirbúnings. Gefur hann því út sérstakt nál.

Með því að mál þetta hefur verið flutt tvisvar á Alþingi áður og í bæði skiptin verið vísað frá til frekari undirbúnings, og með því að minni hl. vill enn láta vísa því frá á sömu forsendum, þykir rétt að gefa hér yfirlit yfir meðferð þess frá upphafi.

Málið er fyrst flutt á Alþingi árið 1947 sem 42. mál Ed. það ár. Er því þá vísað til iðnaðarnefndar deildarinnar. Skilar meiri hl. nefndarinnar álit 12. febr. 1948. Leggur hann til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum. Hafði nefndin leitað umsagnar rannsóknaráðs ríkisins, Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands ísl. iðnaðarmanna og Búnaðarfélags Íslands um frv., en allir þessir aðilar mæla með því, að frv. verði samþ., og margir þeirra mjög eindregið, en benda jafnframt á nauðsynlegar breytingar, er þurfi að gera á því. Tók meiri hl. að fullu tillit til þeirra ábendinga og bar fram breytingartill. í samræmi við þær. Minni hl. nefndarinnar (PZ og StgrA) bar þá fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá: „Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða þetta frumvarp með hliðsjón af lögum um rannsóknaráð og lögum um fjárhagsráð og leggi síðan fyrir næsta Alþingi frumvarp um heildarskipun iðnaðarmálanna og aðstoð ríkisins við þau, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“ Þ. 27. febr. 1948 er rökstudda dagskráin samþykkt með 6 atkv. gegn 5 og frv. afgreitt þannig á því þingi. Þáverandi iðnaðarmálaráðherra, Emil Jónsson, sendir málið á ný til flestra þeirra aðila, sem áður höfðu athugað frv. og mælt með því, og er afstaða þeirra til málsins óbreytt. Mæla þeir enn með því, að það verði samþykkt með þeim breytingum einum, er þeir höfðu bent á áður. En auk þess er málið sent til fjárhagsráðs til umsagnar. Mælir það einnig með því, að frv. nái fram að ganga, bendir á, að á því þurfi þó að gera breytingar, og býðst til að annast þær, ef ráðuneytið óski þess. Ráðherra hefst þó ekkert frekar að í málinu, þrátt fyrir margitrikaðar óskir flm. og þrátt fyrir marggefin loforð um að afgreiða málið til Alþingis á því ári. Málið er því borið fram á ný af sama flm. á þinginu 1949. Er því á ný vísað til 2. umræðu og iðnaðarnefndar efri deildar. Eftir að nefndin hafði kynnt sér öll gögn, sem fyrir lágu í málinu, ritaði hún ráðuneytinu 17. des. 1949 og óskaði eftir því, að það fæli fjárhagsráði að breyta frumvarpinu eins og það hafi boðizt til að gera með bréfi, dags. 6. ágúst 1948. Hafði ráðuneytið orðið við þessari beiðni nefndarinnar. En með því að því hafði ekki borizt neitt svar frá fjárhagsráði um miðjan febr. 1950, endursendi það nefndinni öll gögnin og mælir með því, að frv. verði samþykkt. Þrátt fyrir þetta fæst ekki samkomulag um það í nefndinni að leggja til, að frv. verði samþykkt m. a. vegna þess, að undirbúningur þykir enn ekki nægilegur. Er málið þá rætt á ný við þáverandi iðnaðarmálaráðherra, Jóhann Jósefsson, sem ákveður að skipa 5 manna nefnd til að undirbúa málið. Skipar hann nefndina 9. marz 1950. Með því að sú nefnd hafði ekki lokið störfum áður en þingi lauk, þótti iðnaðarnefnd efri deildar ekki rétt að afgreiða frá sér málið á því þingi.

Á yfirstandandi Alþingi var málið enn borið fram í sinni upphaflegu mynd. Var því að lokinni 1. umræðu vísað til 2. umræðu og iðnaðarnefndar efri deildar. Tekur nefndin málið fyrir á fundi 28. okt. s. l. Liggur þá fyrir hjá nefndinni bréf frá nefnd þeirri, er ráðherra hafði skipað til að undirbúa málið, og er það birt hér með sem fylgiskjal. Þá fylgdi einnig með til nefndarinnar uppkast að frv. til laga um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð. Voru breytingar þær, sem bornar höfðu verið fram

af framangreindum aðilum, felldar inn í uppkastið, en efnisbreytingar engar gerðar á frumvarpinu. Eftir að nefndin hafði kynnt sér þessi gögn, kom fram ósk um að senda þau öll til núverandi iðnaðarmálaráðherra og fá umsógn hans um málið, áður en endanleg ákvörðun yrði tekin í nefndinni. Var einnig orðið við þessari ósk. Ráðuneytið hafði málið til athugunar alllangan tíma, og kvaðst ráðherra ekki geta mælt með því, að það næði fram að ganga á þessu þingi, vegna þess kostnaðar, sem samþykkt frumvarpsins hefði í för með sér, er hann kvað upplýst, að áætlaður væri um 200 þús. krónur árlega.

Meiri hl. nefndarinnar, sem vill ákveðið, að málið nái fram að ganga á þessu þingi, tekur heldur þann kostinn að draga úr verkefni iðnaðarmálastjóra, ef það mætti verða til þess, að samkomulag fengist þá heldur um framgang þess. Þær breytingar, sem hann leggur til, að gerðar verði á frv., eru því byggðar á þessu, en ekki á því, að hann telji ekki nauðsynlegt að halda verkefninu óskertu. Meiri hl. lítur svo á, að með engri sanngirni verði þriðja stærsta atvinnuvegi þjóðarinnar neitað um þá forustu, sem hér er farið fram á með þessu frv., þar sem vitað er, að hinir tveir aðalatvinnuvegir þjóðarinnar hafa notið slíkrar forustu um áratugi, og mundi enginn láta sér til hugar koma að svipta þá henni, þótt vitað sé, að það kostar margfalt meira fé en það, sem þarf til þess að mæta kostnaði við iðnaðarmálastjóra eftir þeim tillögum, sem hér eru fram bornar. Þá skal einnig á það bent, að ríkissjóður hefur mörg undanfarin ár orðið að ráða til sín sérfræðinga til að undirbúa ýmislegt það í iðnaði, sem beint mundi heyra undir þessa stofnun, og mundi þá kosta mjög miklu minna fé að láta iðnaðarmálastjóra undirbúa slík verk í framtíðinni en að ráða til þess sérfræðinga í hvert sinn. Beinlínis yrði því enginn sérstakur kostnaður við samþykkt frv., en þjóðin kæmi til að hafa alveg ómetanlegt gagn af stofnuninni, ef vel tekst um val iðnaðarmálastjórans.

Þess skal getið, að einn nefndarmanna (StgrA) vill láta gera frekari breytingar á frv. Fylgir hann ekki heldur öllum þeim breytingartillögum, sem lagt er hér til, að gerðar verði, og geymir hann sér því rétt til þess að bera fram breytingartill. eða fylgja till., sem fram kunna að koma. Hann skrifar því undir nál. með fyrirvara.

Með tilvísun til þessa er lagt til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.
 - a. Síðasti másl. orðist svo: Skal hann vera verkfræðingur að menntun og taka laun samkvæmt V. flokki launalaganna.
 - b. 2. og 3. málsgr. falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin falli niður.
3. Við 5. gr.
 - a. Fyrsti máslíður orðist svo: Verkefni iðnaðarmálastjóra skal vera:
 - b. 1. tölul. falli niður.
 - c. d-liður 3. tölul. falli niður.
 - d. 4. tölul. falli niður.
 - e. 5. tölul. falli niður.
 - f. 6. tölul. falli niður.
4. Við 6. gr. Greinin falli niður.
5. Við 7. gr. Greinin falli niður.
6. Við 8. gr. Greinin ásamt fyrirsögn og kaflaskiptum falli niður.
7. Við 9. gr. Greinin falli niður.
8. a. Fyrirsögn II. kafla orðist svo: Um verkefni iðnaðarmálastjóra.
 - b. Fyrirsögn frv. orðist þannig:
Frumvarp til laga um iðnaðarmálastjóra.

Alþingi, 2. des. 1950.

Gísli Jónsson,
form., frsm.

Steingr. Aðalsteinsson,
með fyrirvara.

Ingólfur Flygenring.

Fylgiskjal.

Þann 9. marz þ. á skipaði Jóhann Þ. Jósefsson, er þá fór með iðnaðarmál í ríkisstjórninni, 5 manna nefnd „til að athuga og koma sér saman um æskilegar breytingar á frumvarpi því til laga um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð, sem nú liggur fyrir Alþingi, þskj. 9“, en frumvarp þetta hafði Gísli Jónsson þm. Barðstrendinga flutt á undanförunum þingum.

Þessir menn voru skipaðir í nefndina: Guðmundur H. Guðmundsson samkv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, Páll S. Pálsson samkvæmt tilnefningu Félags íslenzkra iðnrekenda, Baldvin Jónsson samkv. tilnefningu fjárhagsráðs, Ásgeir Þorsteinsson samkv. tilnefningu rannsóknaráðs ríkisins og Kristjón Kristjónsson tilnefndur af ráðherra og jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Í forföllum Ásgeirs Þorsteinssonar hefur Þorbjörn Sigurgeirsson framkvæmdastjóri rannsóknaráðsins starfað í nefndinni.

Nefndin hefur í sumar rætt mál þetta á allmörgum fundum.

Hún er sammála um, að mál það, sem hér er flutt, sé þýðingarmikið fyrir þróun iðnaðarstarfseminnar í landinu og að mikil nauðsyn sé að það nái sem fyrst fram að ganga.

Nefndin kynnti sér rækilega álit og tillögur ýmissa aðila, er til hafði verið leitað, þegar málið var til meðferðar á Alþingi.

Hún hafði hliðsjón af því, að fyrir dyrum standa allvíðtækar breytingar á núgildandi lögum um iðju og iðnað, og gengur í frumvarpi því, er hún sendir frá sér, út frá því, að þær breytingar nái fram að ganga.

Nefndin hefur í meginatriðum tekið upp breytingartillögur þær, er meiri hluti iðnaðarnefndar Ed. flutti á þskj. nr. 346 1947—48, enda voru þær í samræmi við óskir Landssambands iðnaðarmanna, Félags íslenzkra iðnrekenda og rannsóknaráðsins.

Að öðru leyti er ekki hægt að segja, að um teljandi efnisbreytingar sé að ræða, nema þá helzt með það í huga að sneiða hjá árekstrum við önnur gildandi lög, svo sem lög in um náttúrurannsóknir.

Þó hefur 6. gr. hins upphaflega frumvarps verið felld burt, en hún var um tilskot ágreiningsmála til ríkisstjórnarinnar.

Loks skal svo getið bráðabirgðaákvæða, sem nefndin leggur til, að sett verði inn í lög in.

Tilgangur flutningsmanns er greinilega sá, að á fót risi í iðnaðinum stofnun, hliðstæð þeim, sem nú eru fyrir hendi hjá hinum aðalatvinnugreinum þjóðarinnar, og viðurkenna það allir, að slíks sé full þörf og að því beri að stefna.

Hins vegar verður ekki sagt, að því marki sé náð, eins og frumvarpið er byggt upp frá hendi flutningsmanns. Þar er gert ráð fyrir, að ríkisvaldið skipi yfirstjórn iðnaðarmálanna, að visu með nokkurri íhlutun iðnsamtakanna í landinu. Útvegur og landbúnaður hafa aftur á móti komið á félagslegum samtökum, sem kjósa og ráða alla yfirstjórn mála sinna, og ríkisvaldið hefur um langan aldur viðurkennt þau samtök og stofnanir þær, sem á vegum þeirra starfa, falið þeim meðferð og framkvæmd fjölmargra mikilvægra mála og veitt þeim viðunandi fjárráð til starfseminnar.

Nefndin telur, að sams konar þróun muni og verði að eiga sér stað um iðnaðinn. Stefna beri að því, að iðnaðarframleiðendur myndi heilsteypt allsherjarsamtök, stofni til sameiginlegs iðnaðarþings, kjósi sjálfir yfirstjórn mála sinna, ráði iðnaðarmálastjóra o. s. frv.

En þar sem enn skortir nokkuð á, að sams konar aðstæður séu fyrir hendi í iðnaðinum eins og hinum atvinnuvegunum, má telja viðunandi í svipinn lausn þá, sem felst í frv. Þegar hins vegar iðnaðarmenn sjálfir hafa komið félagsmálaskipulagi sínu í svipað horf og landbúnaður og sjávarútvegur, er ekkert, sem mælir gegn því, að þeir fái sömu yferráð mála sinna og aðrir atvinnuvegir, en íhlutun ríkisvaldsins hverfi að sama skapi úr sögunni.

Að þessu stefna bráðabirgðaákvæðin, sem nefndin leggur til, að bætist við frumvarpið og telur undirstöðuatriði að samþykkt verði.

Þá virðist sjálfsagt að gera ráð fyrir því, að viðtæk endurskoðun þurfi að fara fram á ákvæðum þeim, sem nú verða sett, þegar hið breytta viðhorf kemur til framkvæmda, og þykir rétt, að slík endurskoðun sé ákveðin í lögum þessum.

Reykjavík, 18. október 1950.

Kristjón Kristjánsson. Guðm. H. Guðmundsson. Páll S. Pálsson.
Þorbjörn Sigurgeirsson. Baldvin Jónsson.

Til iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis.